

UNGMENNAKÖNNUN: GRUNDVALLARATRIÐIN



Youth Partnership

Partnership between the European Commission
and the Council of Europe in the field of Youth



EUROPEAN UNION

COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE



” Kæru lesendur,

Það gleður okkur að kynna ykkur fyrir „Ungmennakönnun: grundvallaratriðin“. Þessu stutta riti er ætlað að hjálpa lesandanum að öðlast skjótan og betri skilning á tilgangi, umfangi og notagildi ungmennakannana. Það útskýrir einnig hvernig mismunandi hagsmunaaðilar innan og utan ungmennasviðs geta nýtt sér ungmennakannanir. Því er ekki ætlað að gefa stöðumynd af ungmennakönnunum né beina athyglinni að einstaka verkefnum, heldur er áherslan á að leita svara við eftirfarandi spurningum.

- ▶ Hvað er ungmennakönnun?
- ▶ Hvernig skilgreinum við „ungmenni“?
- ▶ Hvaða hugmyndafræði stýrir ungmennakönnunum?
- ▶ Hvers vegna er þörf á ungmennakönnunum?
- ▶ Hverjar eru helstu tegundir og aðferðir ungmennakannana?
- ▶ Hvað er ungmennakönnun með hlutdeild ungmenna?
- ▶ Hvernig tengjast ungmennakannanir og stefnumótun?
- ▶ Hvaða siðferðisþætti ættum við að hafa í huga við ungmennakannanir?
- ▶ Hver er skoðun Evrópuráðsins og Evrópusambandsins á ungmennakönnunum?
- ▶ Hverjar eru áskoranirnar í ungmennakönnunum í Evrópu nútímans?

Þessu riti er ætlað að leiða lesandann í gegnum stutt, stigvaxandi – og vonandi áhugavert uppgötvunarferli.

Við vonum að þið njótið lestursins!



Hvað er ungmennakönnun?

Ungmennakönnun er þverfaglegt svið vísindalegra rannsókna á aðstæðum æskulýðs og skoðar þær í félagslegu, sálfræðilegu, efnahagslegu, pólitísku og menningarlegu samhengi. „Ungmennni“ er tímabundinn áfangi á lífsferli einstaklings, en er einnig varanlega til sem líffræðilegur flokkur með sérlegum og einstökum eiginleikum og af þeim ástæðum vert efni til rannsóknar. Það er hlutverk þeirra sem fást við ungmennakannanir. Margskonar innsýn á ungmenni er til staðar, en þeir sem stunda æskulýðsrannsóknir ganga til höggviss við þá viðteknu hugmynd að ungmenni séu einstaklingar sem eru að „verða fullorðin“. Þess í stað eru ungmenni skoðuð eins og þau eru frekar en það sem þau eiga að verða, og þá út frá félagslegri samkennd, menningu og samskiptum við helstu stoðir samfélagsins: fjölskyldu, skóla, vinnumarkað, stjórnmál, fjölmiðla, markað, trúarbrögð o.s.frv.

Í upphafi einbeittu æskulýðsrannsóknir sér nær eingöngu að því að leysa vandamál tengd ungmennum, til dæmis afbrot og atvinnuleysi. Á meðan rannsóknarþættir beinast áfram að „unglingavandamálum“, hefur rannsóknum miðað öllu lengra með viðhorfum sem leitast eftir því að skilja fyllilega reynslu ungmenna, hlutverk þeirra, samskipti, vald og stöðubreytingu innan samfélagsins. Bæði Evrópuráðið og framkvæmdanefnd ESB hafa stutt þróun æskulýðsrannsókna og þá ekki hvað síst með samstarfsverkefni sínu á ungmennasviði sem komið var á fót árið 1998 og hvetur eindregið náið samstarf aðila sem vinna í stefnumálum og framkvæmdum.

Hvernig skilgreinum við „ungmennni“

Þúlega er litið á ungdóm sem tímabil breytinga til að öðlast sjálfstæði: úr námi í starf, frá því að vera öðrum háður í sjálfstætt líf, o.s.frv. Hugtakið er þjóðfélagslegur tilbúningur: þar með er það ekki fastmótað eða afdráttarlaust heldur er það endurskapað og túlkað á ný hverju sinni sem það er notað. Skilgreining okkar á „ungmennni“ er mismunandi eftir stund og stað; skilgreiningar ólíkra þjóðfélaga á „ungmennni“ stangast mjög á. Nægir að skoða muninn á því milli landa hvenær ákveðin athæfi teljast lögleg, til dæmis kosningaaldur, lögaldur til að neyta áfengis, lögaldur til kynmaka með samþykki, að teljast sakhæfur, og þar fram eftir götunum. Í dag er aldurshópurinn 15 til 29 ára oft notaður í Evrópu. Samkvæmt Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins bjóðast ýmis tækifæri ungmennum á aldrinum 13 til 30 ára. Flest starfsemi æskulýðsgeira Evrópuráðsins er aðgengileg ungmennum á aldrinum 18 til 30 ára með rökstuddum undantekningum. Í tölfraðilegum tilgangi skilgreina Sameinuðu Þjóðirnar ungmenni sem einstaklinga á aldrinum 15 til 24 ára.



Hvers vegna er þörf á ungmennakönnunum?

Í fyrsta lagi eru ungmenni mikilvægur hluti þjóðfélaga okkar og ber okkur siðferðileg skylda til að skilja tilveru þeirra á kerfisbundinn hátt. Í öðru lagi er nauðsynlegt að ákvarða hvaða þátt ungmenni eiga í almennum þjóðfélagsbreytingum til þess að skilja hvað er að gerast og hvernig ytri aðstæður hafa áhrif á líf þeirra. Í þriðja lagi þurfa sérfræðingar – í mótun stefna, inngripa, áætlana, verkefna, athafna o.s.frv. – að gera sér grein fyrir því hvort aðgerðir þeirra eigi eftir að koma að gagni, og ef svo, að hvaða marki. Það gæti síðan verið fylgst með þeim mörkum til þess að undirstrika áhrifin. Við höldum því fram, á forsendum þess sem við vitum um aðferðir við mótun á stefnum og aðgerðainngripum, að áreiðanlegar vísbendingar um og frá ungmennum séu betri undirstaða en hugmyndafræði eða innsæi.

Hugmyndafræði sem stýrir ungmennakönnunum

Ungmennakannanir eru í raun þverfaglegar: sálfræði, félagsfræði, stjórnmálafræði, félagsmálastefna, menningar- og kynjafræði, mannfræði og uppeldisfræði eru greinar sem hver á sinn hátt hafa lagt sitt að mörkum í þróun hennar. Kannanir veita upplýsingar sem byggjast á aragrúa kenninga og aðferða og nefnum við nokkrar þeirra hér svo að þið getið bætt við þekkingu ykkar með rannsóknum. Í upphafi höfðu sálfræðikenningar tilhneigingu til að einbeita sér að þróun barnsins en þó með hugmyndir um æviskeið eftir barnæsku. Síðari aðferðir hafa lagt áherslu á einstaklingseinkenni, áhættu, seiglu og atbeina, sem dæmi má nefna að félagsfræðilegar kenningar Beck og Giddens hafa haft viðtæk áhrif á æskulýðsrannsóknir.



Hverjar eru helstu tegundir rannsókna sem hafa áhrif á stefnumótun?

Rannsókn getur verið á forsendum fróðleiks sem fæst með eftirtektarsemi og mannlegum samskiptum, og kallast þá frumheimild og er byggð á reynslu, eða hún gæti byggst á greiningu mismunandi lesmáls og teldist í því tilviki vera afleidd fræðileg heimild. Þegar svara á spurningum stefnumótunaraðila um áhrif stefnuíhlutana eru niðurstöður oft nefndar úttekt, eftirlit eða árangursmat.

■ Kannanasniðum er ætlað að benda stefnumótendum á hvað virkar, hvað lofar góðu og hvað virkar ekki. Þannig er að taka má á hverju viðfangsefni rannsóknar á mismunandi hátt sem skapar þörfina á því að skilja notagildi og takmarkanir niðurstaðanna. Rannsakendur hafa oft dálæti á ákveðinni tegund niðurstaða og sérhæfa sig í ákveðinni aðferðafræði. Aðferðir eins og spurningalistakannanir, rýnihópar, og hlutaskipulögð viðtöl eru allt gildar leiðir til gagnasöfnunar og geta allar hjálpað okkur til að skilja ungmennatengd málefni. Hver aðferð skilar upplýsingum í mismunandi formi (einföld lýsing væri, í formi tölfraði eða tilvitnana) og fyrir bragðið leita þær svara við mismunandi spurningum. Í hverju tilviki hins vegar eru niðurstöðurnar gagnreyndar. Er þeim stundum lýst sem „með aðstoð sönnunargagna“, „á grundvelli rannsókna“, „með áreiðanlegar heimildir“ eða „þekkingarbyggðum“.



■ Ungmennakannanir notast við bæði megindlegar og eigindlegar hefðir.

■ Megindleg rannsókn sannprófar oft fyrir fram skilgreindar tilgátur. Gagnasöfnun er afleiðing vandvirks undirbúnings og tilrauna með sérvöldum tækjum, til dæmis spurningakönnunum. Megindleg rannsókn aflar talnaupplýsinga og sé henni stýrt af nákvæmni skilar hún niðurstöðum sem gætu átt við um ekki aðeins úrtakshópin sem svaraði spurningum heldur þjóðina í heild. Einnig er hægt að vinna úr gögnum sem eru fyrir hendi og safnað hefur verið af stjórnsýsluáætlunum í megindlegum rannsóknum, til dæmis gögn um efndir í menntun, heilsugæslu og skattamálum. Ríkisstjórnir safna ítrekað slíkum upplýsingum og eru þær í síauknum mæli notaðar til rannsókna og einstaka sinnum einnig tengdar viðbótar mæligögnum. Þá má í lokin nefna að ört vaxandi svið „stórgagna“ notar stór gagnasöfn sem skila sér um ferli svo sem samfélagsmiðla eða landkóðaskrár (t.d. um lögbrot) og flókin reiknilíkön til þess að grafast fyrir um mynstur í gögnunum til kortlagningar.

■ Eigindleg rannsókn eru iðulega til könnunar og leiðir af sér tilgátur; hún er líklegri til að gefa af sér óvæntar niðurstöður en kannanir með mælanlegum gögnum. Hún gæti verið með gagnvirku sniði: oft fer söfnun gagna og túlkun fram samtímis og gæti haft gagnkvæm áhrif. Hins vegar ætti hönnun eigindlegrar rannsóknar ekki að vera ástæða fyrir kerfisleysi eða sönnun á hugmyndum sem komu á undan. Rannsakendur þurfa að auðkenna og verða meðvitaðir um eigin hlutdrægni – eitthvað sem okkur öllum hættir til og getur mótað hugmyndir okkar og viðhorf til umheimsins án þess að við gerum okkur grein fyrir því – og sækjast á virkan hátt eftir tækifærum til að eyða fyrri fordómum á meðan á gagnasöfnun stendur.

■ Hér á eftir er greint frá sumum aðferðum í eigindlegri gagnasöfnun sem einnig koma að notum í ungmennakönnunum.



- ▶ Viðtöl eru tegund af samtali við einn eða tvo einstaklinga (paraviðtöl) með ákveðinn tilgang, uppbyggingu og tímalengd. Þau geta verið fyrir fram ákvörðuð að hluta til – fylgt uppgefnum spurningum eða þemum, eða meira eins og opnar samræður.
- ▶ Rýnihópar eru skipulagðar umræður á milli takmarkaðs hóps fólks. Þeir gera rannsakendum kleift að kanna álit meðlima hóps á ákveðnum málefnum, ríkjandi fjölbreytni skoðana og hugmynda, og mismæmi og frávik sem fyrirfinnast í ákveðnum samfélögum með tilliti til hugmynda og reynslu þeirra og iðju. Rýnihópur er oft samvalinn hópur einstaklinga sem deila ákveðnum breytum (aldri, kyni, stétt, o.s.frv.) sem getur þannig nýst til þess að færa hópinn saman.
- ▶ Tilviksrannsóknir: eru ítarlegar lýsingar á ferlum, reynslu og uppbyggingu einstakrar stofnunar eða samfélags. Tilviksrannsóknir hafa yfirleitt í för með sér meginlegar eða eigindlegar gagnasöfnunaraðferðir til að svara samblandi af „hvað“ og „hvers vegna“ spurningum.

■ Þegar gagnasafnið er stórt getur hugbúnaður komið að góðum notum við greiningu þess. Notagildi hugbúnaðarforrita nær hins vegar ekki svo langt að geta túlkað gögnin. Rannsakandinn er áfram „helsta mælitækið“ í eigindlegri rannsókn.

■ Engin aðferð er í sjálfu sér gæðatrygging. Gera þarf skýra grein fyrir bæði eigindlegum og meginlegum rannsóknaraðferðum í rökgreiningu til þess að tryggja það að lesandinn skilji fyllilega hvað var gert og hvers vegna, og í sumum tilvikum jafnvel að endurtaka rannsóknina. Tilskilinn hluti sérhverrar rannsóknarskýrslu greinir frá takmörkunum rannsókna og svarar spurningunni: á hvaða hátt gætu niðurstöður okkar verið rangar?



Kannanir með hlutdeild ungmenna

Í mörgum tilvikum, og eftir að hafa kannað grannt kosti og galla á slíku vali, geta ungir rannsakendur valið sér að gera kannanir með hlutdeild ungmenna. Tilgangurinn með slíkum könnunum er að veita ungmönnum umboð til að taka virkan þátt í öllum áföngum rannsóknarferlisins. Ferli rannsóknar með hlutdeild miðar að því að auðkenna fyrst samfélagsvandamál, rætur þeirra og orsakir, og skilgreina síðan breytingar sem rannsóknarverkefnið vill geta leitt af sér. Þátttakendur munu, með fordómalausri handleiðslu, smám saman ná tökum á rannsóknaráætluninni, ákveða spurningar könnunarinnar og velja þær rannsóknaraðferðir sem best eiga við, til dæmis þátttökuáðgerðanálgu, myndasögunálgu, frásagnanálgu, grasrótarleikhús eða útgáfu af samfélagsleikhúsi. Þar að auki er hægt, með þjálfun og stuðningi rannsóknarhóps, að kenna þátttakendum að greina þau gögn sem þau safna og gera drög að niðurstöðum rannsóknarferlisins. Síðan má nota þær niðurstöður þegar leitað er til hinna ýmsu hagsmunaaðila – opinberra yfirvalda, annarra meðlima samfélagsins, o.s.frv. – til þess að leita eftir stuðningi við fyrirhugaðar breytingar.

Eftirlit og úttekt á æskulýðsstefnu og framkvæmd

Eftirlit og úttekt eru rannsóknartengd ferli sem meta framkvæmd áætlana, stefnumarkmið og tilgang. Eftirlit er áframhaldandi ferli sem tryggir viðhlítandi útfærslu á æskulýðsstefnu og framkvæmdum. Hins vegar fer úttekt yfirleitt fram á mismunandi stigum. Fyrir fram mat fer fram á frumstigum ferlis og fer ítarlega í saumana á þeim áhrifum sem vænst er í þeim tilgangi að ná hámarks árangri við framkvæmd.

■ Helst ætti sjálfstæð matsnefnd sérfræðinga að sjá um áfangaúttektir, sem meta framfarir á ferlinu. Eftir því sem við á, getur áfangaúttekt mælt með hagræðingu eða endurskoðun á markmiðum á grundvelli reynslubanka eða vegna ytri þátta.

■ Lokaúttekt er óháð mat sem eingöngu sjálfstæð nefnd sérfræðinga getur innt af hendi. Hlutverk hennar er að meta árangur ferlisins og hvort auðnast hafi að ná markmiðum og tilgangi.

■ Oft hanna ríkisstjórnir skipulagsáætlanir fyrir ungmenni á landsvísu sem eru á grundvelli framtíðarúttekta og eru með innbygggt eftirlit, áfanga- og lokaúttektir.

■ Árangursmat gerir úttekt á áhrifum æskulýðsstefnu, fyrirkomulags og þjónustu. Árangurskönnun getur dregið ályktanir um ríkjandi ástand á æskulýðssviði í landi eða á landsvæði og veitt raunhæfar ráðleggingar um endurbætur.

■ Einnig er hægt að nota tilraunarannsóknir og slembu samanburðarprófun (eða handahófskennda stýrða tilraun) til þess að meta stefnuafskipti.



Siðfræði

Gagnasöfnun og upplýst samþykki er nátengt siðferðismálum, sem þýðir að nauðsynlegt er að þátttakendur í könnunum séu því samkvæmt vel upplýstir um umfang og afleiðingar rannsóknarinnar¹ og hlutdeildar sinnar, og að auki um möguleikann á því að hætta þátttöku á rannsóknarferlinu. Siðarreglur ættu að vera hluti af rannsóknarferlinu í heild: frá ákvörðun um þema og spurningar könnunar, til ákvarðana um aðferðir, túlkun og notkun niðurstaða. Vart verður umtalsverðra siðferðilegra áskorana á ferli kannana með hópum sem minna mega sín, þ.á m. börnum, minnihlutahópum og fötluðum ungmennum. Þrátt fyrir fullyrðingar um hlutlægni gætu rannsakendur í sérhverri könnun borið með sér reynslu sína, hugmyndir, fordóma og einstaklingsskoðun sem við höfum hér áður þegar reifað sem hlutdrægni. Nauðsynlegt er að gangast við og draga úr hlutdrægni í rannsóknum. Siðferðisleg tillitsemi innifelur einnig það að forðast sérhvert brot á réttmæti í rannsóknum, sem þýðir það þá sérstaklega að forðast tilbúin gögn, fölsun efnis og ritstuld, þ.e. að nota verk annarra án þess að viðurkenna höfundardeili.

1. Sníðmát eyðublaða fyrir upplýst samþykki, www.who.int/rpc/research_ethics/informed_consent/en/, aðgengileg 29/01/2019.

Evrópskur vettvangur: stefnugrunnur og gildi

Evrópuráðið staðfesti formlega nauðsyn á ungmennakönnunum árið 1967 í tilskipun þings Evrópuráðsins nr. 265. Í Yfirlýsingu um framtíð ungmennastefnu Evrópuráðsins – áætlun 2020,² ítrekar hún hlutverk ungmennakannana sem meginþáttar í nálgun ungmennasviðs til að viðað fróðleik um ástand ungmenna í Evrópu, og einnig í ályktun ráðherranefndar CM/Res(2008)23 varðandi æskulýðsstefnu Evrópuráðsins.³ Evrópuráðið styður þekkingarbyggða æskulýðsstefnu og samvinnu milli þeirra sem vinna að ungmennakönnunum, stefnumótenda og sérfræðinga.

■ Framkvæmdanefnd ESB gerði „bættan skilning á ungmennum“ að einu fjögurra forgangssviða í hvítbók sinni „nýr hvati fyrir evrópskan æskulýð“;⁴ sem var samþykkt árið 2001, meðal annars í þeim tilgangi að auka innsæi í málefni sem varða ungmenni, með jafningjanámi og samvinnu innan aðildarríkja ESB. Mikilvægi aukinnar þekkingar á málefnum ungmenna var á ný staðfest með Æskulýðsáætlun Evrópusambandsins: umboð og efling⁵ á tímabilinu 2010–2018, þegar fyrstu ungmennaskýrslur ESB voru gefnar út. Æskulýðsáætlun ESB 2019–2027⁶ viðurkennir einnig gagnareynda stefnumótun og þekkingaröflun sem gagnlegar framkvæmdaráðstafanir áætlunar.

■ Það hlutverk samstarfsverkefnis ESB-Evrópuráðs á ungmennasviði sem snýr að þekkingu á æskulýð á sér uppruna í rannsóknarsamningi milli framkvæmdanefndar ESB og Evrópuráðs árið 2003. Samstarfsverkefni ESB-Evrópuráðs á ungmennasviði býr nú yfir „aukinni þekkingu“ á málefnum ungmenna sem eins helsta og hnitmiðaðs tilgangs verkefnisins, og leggur áherslu á gagnasöfnun um æskulýð og greiningu, og nýtir þá þekkingu til þess að leggja sitt að mörkum til þróunar á æskulýðsstefnum og framkvæmdum og gera hana aðgengilega á vefnum og í útgáfum á niðurstöðum rannsókna í ritröð um ungmennafróðleik (Youth Knowledge series).

2. www.coe.int/en/web/youth/agenda-2020.

3. https://search.coe.int/cm/Pages/result_details.aspx?ObjectId=09000016805d2245.

4. COM(2001)681, <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=LEGISSUM%3Ac11055>.

5. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:52009DC0200&from=EN>.

6. <http://data.consilium.europa.eu/doc/document/ST-14080-2018-INIT/en/pdf>.



Áskoranir og opnar spurningar

Mörg tengslanet og stofnanir vinna að því að skapa evrópskt rannsóknasvæði fyrir æskulýð, með beinni íhlutun eða tengslamyndun við verkefni: allt frá fyrrgreindu samstarfsverkefni ESB-Evrópuráðs á ungmennasviði,⁷ til félagsmálasamtaka Evrópu og tengds hóps þeirra RN30 – ungmenni og kynslóð,⁸ til alþjóðlegu félagsmálasamtakanna og nefndar þeirra RC34 – þjóðfélagsfræði ungmenna,⁹ til RAY – rannsóknatengdrar greiningar og eftirlits Erasmus+: áætlun Evrópu unga fólksins.¹⁰ Þar sem flestir rannsakendur á ungmennum eru staðsettir á lands- eða svæðisvísu, er mikilvægt að bjóða yngri kynslóðum í ungmennakönnunum sérlega, en þó ekki eingöngu, að taka þátt í umræðum á Evrópuvettvangi. Getur það reynst hvatning fyrir rannsakendur á Mið-, Austur- og Suður-Evrópu þar sem ungmennakannanir eru nýstárlegar, undirfjármagnaðar eða takmarkaðar vegna skertra möguleika á alþjóðlegri samvinnu.

■ Svið æskulýðsstefnu og framkvæmda í Evrópu er sífellt meðvitaðra um mikilvægi þess að fóstora rannsóknatengdar aðferðir og þess að heilsteypar rannsóknir verða að duga til ákvarðana, útvega mat á stefnum og verklegri framkvæmd. Mætti flýta fyrir þessum stefnumiðum með notkun kröfuharðrar aðferðalegrar nálgunar, þátttöku fleira ungs fólks í viðkomandi rannsóknarverkefnum um ungmenni og samvinnu við rannsakendur á æskulýð á öllum stigum æskulýðsstefnu og framkvæmda, frá greiningu á þörfum og hönnun leiðandi spurninga, og útfærslu, til mats.

7. <https://pjp-eu.coe.int/en/web/youth-partnership/research>.

8. <https://www.europeansociology.org/research-networks/rn30-youth-generation>.

9. <https://www.isa-sociology.org/en/research-networks/research-committees/rc34-sociology-of-youth/>.

10. <https://www.researchyouth.eu/>.

Nánara lesefni

Bray J. og aðrir (2014), [Ethics and Research with Young People in Challenging Contexts](#), CYCC Network, Halifax, NS.

Chisholm L. og aðrir (2011), [EUROPEAN YOUTH STUDIES Integrating research, policy and practice](#), Deliverable 7.1 – M.A. EYS Reader, Innsbruck.

Creswell J. W. (2009), [Research design: Qualitative, quantitative, and mixed methods approaches](#), Sage, Thousand Oaks.

Denstad F. Y. (2009), [Youth Policy Manual How to develop a national youth strategy](#), útgáfa Evrópuráðs.

Framkvæmdanefnd ESB (2014), [“Regional and Urban Policy – Guidance document on monitoring and evaluation”](#), Brussel.

Gambrill E. (2003), [“Evidence-based practice: Sea change or the emperor’s new clothes?”](#) Journal of Social Work Education (39), bls. 3-23.

May T. (2001), [“Social Research – Issues, methods and processes”](#), McGraw Hill: Open University Press, 3. útgáfa.

Samstarfsverkefni Evrópusambandsins og Evrópuráðsins á ungmenntasviði, [“Glossary on youth”](#).

Samstarfsverkefni Evrópusambandsins og Evrópuráðsins á ungmenntasviði (2017). Málþing [“Youth policy responses to the contemporary challenges faced by young people”](#).

Patton M.Q. (2015), [Qualitative Research & Evaluation Methods. Integrating Theory and Practice](#), Sage, Thousand Oaks.

Urban Justice Center (2010), [“Community Development Project Research and Organizing Initiative”](#), [Research for Organizing Toolkit Facilitator’s Guide and Toolkit](#).



and the Co
in th
http://youth-part
Youth policy, kn
youth work, rec
non-formal edu
participation, so
Youth Part

Ungmennakannanir verða sífellt viðurkenndari sem ómissandi þáttur í virkum, áhrifamiklum stefnum og framkvæmdum. Til þess að gera þær aðgengilegri og skilmerkilegri, sækist þetta stutta rit, sem unnið er af hópi evrópskra rannsakenda ungmenna með samhæfðu átaki samstarfsverkefnis ESB-Evrópuráðsins á ungmennasviði, eftir því að hjálpa lesandanum til að öðlast aukinn og skjótan skilning á tilgangi, umfangi og notagildi ungmennakannana. Ritíð gerir einnig grein fyrir því hvernig hinir ýmsu hagsmunaaðilar á sviði ungs fólks og aðrir geta nýtt sér ungmennakannanir. Því er ekki ætlað að veita yfirsýn yfir stöðu samtíðarrannsóknna, eða stilla út verkefnum í æskulýðsrannsóknunum, heldur beina athyglinni að því að leita svara við tilteknum spurningum svo sem: hvað er ungmennakönnun? Hvaða kenningar eru áhrifavaldandi í ungmennakönnun? Hvers vegna er þörf á ungmennakönnunum?

Með þessu ritverki er það ósk höfundanna að koma ungmennarrannsóknunum á framfæri og gera þær aðgengilegri öllum þeim sem starfa á ungmennasviði innan og utan Evrópu.

<http://youth-partnership-eu.coe.int>
youth-partnership@partnership-eu.coe.int

Aðildarríki Evrópusambandsins hafa ákveðið að tengja saman þekkingu sína, auðlindir og örlög. Í sameiningu hafa þau byggt upp svæði stöðugleika, lýðræðis og sjálfbærrar þróunar og viðhaldið um leið menningarlegri fjölbreytni, umburðarlyndi og einstaklingsfrelsi. Evrópusambandið hefur einsett sér að deila árangri sínum og gildum með löndum og þjóðum utan landamæra sambandsins.

<http://europa.eu>

Evrópuráðið er helsta stofnunin á sviði mannréttindamála í Evrópu. Aðildarríkin eru 46, þar á meðal öll aðildarríki Evrópusambandsins. Öll aðildarríki Evrópuráðsins hafa fullgilt Mannréttindasáttmála Evrópu, en þeim sáttmála er ætlað að standa vörð um mannréttindi, lýðræði og réttarríki. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur umsjá með útfærslu sáttmálans innan aðildarríkjanna.

www.coe.int



EUROPEAN UNION

COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE